

Frjálshyggjuvæðing menningarinnar

Kristinn Sigurður Sigurðsson

Listaháskóli Íslands
Leiklistar- og dansdeild
Fræði og Framkvæmd

Frjálshyggjuvæðing menningarinnar

Kristinn Sigurður Sigurðsson
Leiðbeinandi: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Vor 2013

Við tölum um það við sérstök tækifæri að menningin hafi eitthvert gildi. Að listin sé hreyfiafl. Hafi áhrif út í samfélagið. Hjálpi okkur að sjá fegurðina í veröldinni. Samhengið. Tilfinningarnar. Að listamenn hafi ákveðið hlutverk. Skyldu, jafnvel ábyrgð. *Að ala upp þúblikum.* Að benda á keisarann, að pota í keisarann. Að pota í okkur sjálf. Meinum við eitthvað með þessu?

Í þessari ritgerð verður velt vöngum yfir hlutverki menningar og listir . Litið verður til þeirra áhrifa sem markaðshyggja hefur haft á ráðandi orðræðu og hugmyndafræði í okkar samfélagi, og litið til skrifna Páls Skúlasonar í því samhengi.

Litið verður á breytingar á lagaramma sviðslista hér á landi með áherslu á athugasemd við 3.gr. Sviðslistarfrumvarps sem lagt var til Alþingis veturinn 2012/2013, „*Lögð er áhersla á að verkefnaval sé fjölbreytt þannig að starfsemi leikhússins höfði til breiðs hóps áhorfenda, en með þessu er þó á engan hátt verið að draga úr listrænum metnaði leikhússins.*“

Rýnt verður í þá hugsun sem liggur að baki þessari setningu og sett í samhengi við kenningar Pierre Bourdieu um táknrænt auðmagn og hugmyndafræði frjálshyggjunnar.

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 4
Af hverju erum við með ríkisstyrktar listir og menningu?	bls. 5
Um hugmyndafræði	bls. 8
Frá lögum til Þjóðleikhúss til frumvarps til Sviðslistalaga	bls. 8
Frumvarp til Sviðslistalaga	bls. 10
Frjálshyggjan	bls. 11
Uppgangur frjálshyggjunnar á Íslandi	bls. 12
Táknrænt auðmagn	bls. 14
Mótsögn	bls. 15
Lokaorð	bls. 16
Heimildaskrá	bls. 18
Lagaskrá	bls. 19

